

Til Alþingismanna

Ég beini þessu bréfi til þín sem forseta Alþingis og sendi jafnframt öðrum þingmönnum afrit.

Nú eru liðnir liðlega 14 mánuðir síðan ég sendi ykkur fyrst gögn og skrif sem ég taldi benda til stórfelldra lögbrota ráðherra eins eða fleiri á árunum 2009 til 2013. Viðbótargögn sendi ég þinginu síðan í janúar á þessu ári.

Ég skrifaði Alþingi sem æðstu stofnunar lýðveldisins og hornsteins okkar lýðræðis. Alþingi er gæsluaðili þess að farið sé að stjórnarskrá og lögum. Það ber ábyrgð á lögmætisreglunni.

Eins og kunnugt er skiptist lögmætisreglan í tvennt, formregluna þar sem æðri réttarheimildir ganga frammar lægri, stjórnarskrárákvæði frammar o.s.frv. og stjórnvaldafyrirmælum og heimildarregluna sem fjallar um að ákvarðanir framkvæmdarvaldsins skuli styðjast við heimild í lögum. Það á sérstaklega við um ívilnandi og íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalda og afturkallanir á þeim.

Samhliða þessu bréfi sendi ég svar mitt til stjórnskipunar og eftirlitsnefndar Alþingis við skýrslu Brynjars Níelssonar.

1. Lögmætisreglan brotin

Skýrsla Brynjars breytir í ekki því sem ég hef áður rökstutt með gögnum að líklega hafi víðtæk lögbrot ráðherra embættismanna, starfsmanna ríkisbankanna og slitastjórna átt sér stað á árinu 2009 og síðar með ómerkingu ákvarðana Fjármálaeftirlitsins frá október 2008.

Þessi brot fólust í því að ríkisstjórnin þáverandi greip heimildarlaut inn í lögmælt ferli neyðarlaganna um stofnun hinna nýju ríkisbanka. Kom í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fengi lokið sínum ákvörðunum.

Þess í stað hóf hún samninga við fulltrúa hinna erlendu kröfuhafa sem lauk með því að þeim voru gefin skotleyfi á **landsmenn og fyrirtæki**. Án heimilda afhenti hún **kröfuhöfunum** tvo **ríkisbanka** og stjórnunarrétt yfir þeim þriðja.

Þær ákvarðanir höfðu þær afleiðingar að kröfuhafarnir auðguðust með ólögmætum hætti og opinberri hjálp um 400-500 milljarða króna á kostnað landsmanna. Sú ólögmæta auðgun er í dag einn af helstu ásteytingarsteinum fyrir afnámi gjaldeyrishaftanna.

Hún er uppfærður bókhaldshagnaður í bönkunum í krónum og hvílir á einstaklingum og fyrirtækjum sem skuldir þeirra um ókomin ár.

Þessi verknaður var beint gegn lögmætum ákvörðunum Fjármálaeftirlits sem grundvölluðst á jafnræði og sanngirni við lausn á stærsta efnahagsáfalli þjóðarinnar. Í stað þess komu geðþóttaákvarðanir, ójafnræði, leynd, **pólitískur klíkuskapur** og vildarvinargreiðar með alvarlegu afleiðingum fyrir okkur íslendinga.

Með þessum ákvörðunum sýnist mér sem tveir ráðherrar hið minnsta, Steingrímur J. Sigfússon og Gylfi Magnússon hafi bakað sér ábyrgð samkvæmt reglum 8. og 9. gr. laga um ráðherraábyrgð, gengið gegn reglum neyðarlaga og annarra laga svo sem almennra hegningarlaga. Tekið sér vald sem Alþingi hafði falið Fjármálaeftirlitinu með setningu laga 125/2008.

Afleiðingar þessara verka sýnast hafa leitt til fjölmargra brota á reglum annara laga, einkum reglum almennra hegningarlaga nr. 19 / 1940 þar á meðal 248. gr. um fjársvik og 264. gr. um peningabætti. Í þessu samhengi er rétt að benda á að reglur laga um ráðherraábyrgð gera ráð fyrir þeim möguleika að sækja ráðherra til ábyrgðar fyrir brot á almennum hegningarlögum.

2. Heimildarlausar afhendingar banka í ríkiseigu.

Þau gögn sem liggja fyrir Alþingi staðfesta ótvírætt að haustið 2009 á meðan löggjafinn var að setja lög nr. 107 / 2009 um endurreisn fjárhags heimila og fyrirtækja (skjaldborgarlögin !) hafði ríkisstjórnin þingið að leiksoppi og afhenti kröfuhöfum tvo ríkisbanka og íhlutunarrétt í þeim þriðja.

Samkvæmt þeim gögnum sýnist þessi ráðstöfun hafa verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar sumarið og haustið 2009 án þess að hún leitaði lagaheimildar til þessara ráðstafana. Því bera væntanlega allir fyrrum ráðherrar ríkisstjórnarinnar ábyrgð á þessari lögleysu.

3. Heimildarlausar **ákvarðanir** um ráðstöfun fjármuna ríkisins.

Loks vil ég víkja að máli sem ég hef ekki vakið athygli á áður en skýrðist fyrir mér við lestur tveggja nýútkominnna bóka eftir þá Björn Jón Bragason og Eggert Skúlason. Svo sýnist sem fyrrverandi ríkisstjórn hafi í heimildarleysi ráðstafað fjármunum ríkissjóðs framhjá reglum neyðarlaganna í **starfsemi** fjölmargra smærri lánastofnana og gengist í ábyrgð fyrir aðrar í heimildarleysi. Þetta virðist hafa verið **framkvæmt** að hentugleikum án þess að afla fyrirfram heimilda Alþingis.

Fæ ég ekki betur séð en að þessar fjárhæðir í heild nemi um 230 milljörðum króna og að tap ríkisins vegna þessa muni verða á bilinu 60 - 100 milljarðar þegar öll kurl verða komin til grafar. Þessar ráðstafanir sýnast mér skýr brot á 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar.

Þær tvær nýútkomnu bækur sem ég nefndi að ofan, Bylting hvað svo og Andersen skjölin geyma síðan vísbendingar um ýmis önnur brot sem Alþingi hlýtur að skoða. Þar er meðal annars vakin athygli á alvarlegri valdníðslu opinberra aðila.

Ég tel hafið yfir allan vafa að þau gögn sem ég hef sent Alþingi geymi ítarlegar upplýsingar um alvarleg lögbrot ráðherra, embættismanna og fleiri svo sem bankamanna á árunum 2009 til 2013.

Þinginu sé því sá einn kostur fær að senda Ríkissaksóknara mál þetta til frekari rannsóknar og meðferðar.

Þó ekki muni **til þess koma** að kalla saman Landsdóm vegna fyrningarákvæða í lögum um hann sýnast sum brotanna vera þannig að þau eru væntanlega ófyrnd samkvæmt reglum hegningarlaga nr. 19 / 1940, væntanlega þá öll sbr.81.gr. laganna.

Garðabæ 4. maí 2015


Viglundur Þorsteinsson